



## FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. **3** 2012 - 2013

### FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í framkvæmdaráði SSA fimmtudaginn 20. desember kl. 10:00 2012. Fundarstaður: Fundaherbergi Austurbrúar ses, Miðvangi 2-4, á Egilsstöðum

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson bauð fundarmenn velkoma og gengið var til dagskrár.

Dagskrá :

#### 1. Sóknaráætlun landshluta

Valdimar og Ólafur fóru yfir málefni samráðsfundar stýrinets ráðuneytanna og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldinn var í Reykjavík þann 14. desember um sóknaráætlun landshlutana.

#### 2. Almenningsamgöngur

Valdimar gerði grein fyrir fundi sem hann og verkefnastjóri áttu með starfsmönnum vegagerðarinnar, þeim Hreini Haraldssyni, vegamálastjóra og Kristínu Sigurbjörnsdóttur framkvæmdastjóra um skipulag og framkvæmd almenningsamgangna á Austurlandi, ályktanir aðalfundar SSA frá því í september og niðurfellingu vega af vegaskrá.

Samþykkt var að senda Eyþingi bréf þar sem m.a. lýst er óánægju með tímasetningar á akstri á leggnum Akureyri – Egilsstaðir. Tímasetningar á brottför „strætó“ frá Egilsstöðum nýtist mjög illa vegna meðal annars komu/brottfarar áætlunarflugvéla og snjóruðningsreglna vegagerðarinnar.

Þá mun verkefnastjóri senda aðstoðarvegamálastjóra bréf þar sem gerðar eru athugasemdir við niðurfellingu vega af vegaskrá.

#### 3. Önnur mál

- Farið var yfir tryggingarmál SSA. Verkefnastjóra falið að hafa samband við tryggingarfélag SSA til að samræma tryggingar Austurbrúar og SSA.
- Formaður greindi frá fundi sem hann og verkefnastjóri áttu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 14. desember með ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra menningarmála. Fyrirhugaður er fundur í byrjun árs á Austurlandi um hvernig haga skuli samskiptum ráðuneytisins við Austurbrú ses.
- Farið var yfir fjárhagsleg samskipti milli SSA og Austurbrúar.
- Rætt var um málefni Atvinnuþróunarsjóðs og stöðu hans í breyttu umhverfi stöðstofnana með tilkomu Austurbrúar. Ákveðið var að verkefnastjóri ræddi við formann stjórnar sjóðsins um að tilnefna aðila sem færu yfir samþykktir sjóðsins með það að leiðarljósi að koma með tillögur um framtíðarhlutverk sjóðsins.



Samþykkt var að gera tillögu til formanns Atvinnuþróunarsjóðs um að Arnbjörg Sveinsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson kæmu að vinnu við endurskoðun samþykktá sjóðsins, ásamt verkefnastjóra.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 12:30  
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari